



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 9/2013

**Skráning og notkun Litlu flugunnar textílverkstæðis ehf.  
á heitinu Litla flugan og léninu litlaflugan.is**

**I.**

**Erindið**

Með tölvubréfi Litlu flugunnar ehf. til Neytendastofu, dags. 25. september 2012, kvartaði fyrirtækið yfir skráningu og notkun Litlu flugunnar textílverkstæði ehf. á léninu litlaflugan.is.

Málavextir séu þeir að Litla flugan eigi sér langa sögu og hafi notast við það vörumerki frá stofnun árið 1979. Litla flugan hafi verið leiðandi vörumerki meðal veiðimanna og fluguhnýtara um áratuga skeið. Allir sem hafi áhuga á veiði og fluguhnýtingum þekkja vörumerkið Litla flugan.

Það skjóti skökku við að önnur verslun, Litla flugan textílverkstæði, hafi fengið leyfi til að nota nafnið jafnvel þó það fyrirtæki starfi í öðrum geira. Hafi Litla flugan orðið fyrir töluverðum óþægindum vegna þessa. Sem dæmi megi taka að þegar viðskiptavinir Litlu flugunnar hringi í ja.is fái þeir gjarnan uppgengið símanúmer hins fyrirtækisins. Þá hafi Litla flugan fengið bréf og reikninga sem tilheyri hinu fyrirtækinu. Þá geti Litla flugan ekki notað lénið litlaflugan.is þar sem annar aðili sé búinn að eigna sér það.

**II.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Með bréfi Neytendastofu, dags. 2. október 2012, var Litlu flugunni textílverkstæði, sent erindi Litlu flugunnar til umsagnar. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi ákvæði 15. gr. a. og 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, geta komið til álita í málinu.



Svar Litlu flugunnar textílverkstæðis barst með bréfi, dags. 8. október 2012. Í bréfinu segir að Litla flugan textílverkstæði hafi verið stofnuð og skráð sem einkahlutafélag þann 10. desember 2002 og hafi fyrirtækið fengið lénið litlaflugan.is skráð hjá ISNIC 16. september 2005. Fyrirtækið hafi því öðlast rétt til auðkenna sinna í skilningi laga nr. 57/2005 sbr. ákvæði 2. málslíðar 15. gr. a. Almennt hafi verið litið svo á að við mat á því hvort notkun auðkennis hafi í för með sér ruglingshættu við annað auðkenni sé sérstaklega litið til þess hvort fyrirtæki starfi á sama markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi.

Að mati Litlu flugunnar textílverkstæðis verði ekki villst á starfsemi þess og starfsemi Litlu flugunnar. Um sé að ræða fyrirtæki sem annars vegar sérhæfi sig í framleiðslu og sölu á gæðaflugum til brúks við stangveiðar og hins vegar fyrirtæki sem framleiði og selji tösukur, skinnkraga, beltí, armbönd, kjóla, peysur, slár, púða og nánast allt það sem sprettur undan saumavélinni hverju sinni. Fyrirtækin starfi ekki á sambærilegum markaði og ljóst megi vera að markhópurinn sé ekki sá sami. Það sé því vandséð að ruglingshætta geti skapast og Litla flugan geti orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Bent sé á að orðasambandið „Litla flugan“ sé ekki skrásett vörumerki og telji Litla flugan textílverkstæði að vörumerkjaréttur hafi vart stofnast fyrir notkun, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 45/1997 enda sé orðasambandið ekki nægilega sérkennandi til að njóta verndar gegn því að aðrir noti orðasambandið til kynningar á starfsemi sinni.

Þá hafi Litla flugan ekki lagt fram fullnægjandi gögn til stuðnings fullyrðingu um óþægindi vegna þess að Litla flugan textílverkstæði sé skráð fyrir léninu litlaflugan.is. Ekkert liggi fyrir um það um hversu marga pósta eða reikninga sé að ræða. Ekki hafi Litla flugan textílverkstæði fengið endursendan póst frá Litlu flugunni. Þá hafi Litla flugan textílverkstæði fengið á tíu áum í kring um fimm símtöl sem réttilega hefðu átt að berast Litlu flugunni. Verði það vart talið til mikilla óþæginda. Þá sé sérkennilegt að kvörtun berist fyrst nú um það bil sjö árum eftir að Litla flugan textílverkstæði hafi fengið lénið litlaflugan.is skráð. Sé það eflaust til marks um hversu takmörkuð óþægindi Litla flugan hafi upplifað af starfsemi Litlu flugunnar textílverkstæði. Þá sé það einnig til marks um að starfsemi aðilanna skarist á engan hátt.

Litla flugan textílverkstæði telji að ljóst megi vera að fyrirtækið hafi ekkert aðhafst sem fari í bága við lög nr. 57/2005.

## 2.

Bréf Litlu flugunnar textílverkstæðis var sent Litlu flugunni til umsagnar, með bréfi Neytendastofu, dags. 11. október 2012. Neytendastofu barst tölvupóstur Litlu flugunnar, dags. 18. október 2012. Þar segir að Litla flugan sé 30 ára gamalt firmanafn. Hafi eigandi þess verið að



vinna að því að koma upp vefverslun fyrir fyrirtækið. Það hafi valdið erfiðleikum að geta ekki notað lénið litlaflugan.is og sé það m.a. þess vegna sem dregist hafi að stofnsetja vefverslunina.

Litla flugan textílværkstæði noti nafn Litlu flugunnar bæði á heimasíðu og öðrum vefsíðum eins og facebook.com og handverkoghonnun.is. Þar sé hvergi minnst á textílværkstæði.

Þá telji Litla flugan það ranga túlkun að verslanirnar starfi fyrir mismunandi markhópa. Sé litið á starfsvettvang þeirra í víðari skilningi þá séu þær báðar að selja íslenskt handverk.

Það hafi einnig valdið miklum ruglingi að Litla flugan textílværkstæði nýti sér nafnið Litla flugan og sé með heimasíðu með því nafni sem valdi misskilningi sem og þokukenndri vörumerkjastefnu.

### 3.

Tölvupóstur Litlu flugunnar var sent Litlu flugunni textílværkstæði til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 25. október 2012.

Svar Litlu flugunnar textílværkstæðis við bréfi Neytendastofu er dagsett 5. nóvember 2012. Þar segir m.a. að það sæti furðu í ljósi fullyrðinga Litlu flugunnar um meint óþægindi vegna notkunar Litlu flugunnar textílværkstæðis á léninu litlaflugan.is að kvörtun berist fyrst nú, sjö árum eftir að lénið hafi fengist skráð. Sá tími sem hafi liðið án þess að Litla flugan hafi aðhafst nokkuð hljóti að hafa áhrif á efnislegt mat á því hvort skilyrði ákvæðis 15. gr. a. laga nr. 57/2005 séu fyrir hendi.

Litla flugan fullyrði að heitið sé þrjátíu ára gamalt firmanafn. Litla flugan textílværkstæði geri athugasemd við það að ekki hafi verið lögð fram gögn um óslitna notkun firmanafnsins og vörumerkisins Litla flugan í þessi þrjátíu ár. Þá sé vakin athygli á því að fyrirtækjaskrá hafi ekki gert athugasemd við firmanafnið Litla flugan textílværkstæði ehf. enda sé meginreglan hjá Fyrirtækjaskrá að ekki sé unnt að banna öðrum notkun almennra heita svo framarlega að við það sé bætt einhverju heiti til aðgreiningar frá því sem þegar hefur verið skráð.

Litla flugan haldi því fram að fyrirtækin starfi á sama markaði þar sem þau selji bæði íslenskt handverk. Litla flugan textílværkstæði geti ekki fallist á svo víðtæka skilgreiningu og telji að flugur sem notaðar séu til stangveiða geti í engum tilvika verið staðgönguvara fyrir þær vörur sem Litla flugan textílværkstæði framleiði og selji. Það að Litla flugan textílværkstæði hafi fengið firmaheitið skráð hjá fyrirtækjaskrá renni stoðum undir fullyrðingar Litlu flugunnar textílværkstæðis um að fyrirtækin starfi ekki á sama markaði enda séu þau skráð með misjöfnum hætti samkvæmt ÍSAT atvinnugreinaflokkuninni.



#### 4.

Neytendastofu barst tölvupóstur Litlu flugunnar, dags. 31. október 2012. Í tölvupóstinum er vakin athygli á bæklingi sem fylgdi með sem viðhengi. Í tölvupóstinum segir að eins og sjá megi í bæklingnum auglýsi Litla flugan textílverkstæði ekki undir heitinu Litla flugan textílverkstæði heldur einungis undir nafninu Litla flugan. Var tölvupósturinn sendur Litlu flugunni textílverkstæði til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 8. nóvember 2012. Engar athugasemdir bárust Neytendastofu.

#### 5.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 5. desember 2012, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu. Gagnaskrá fylgdi bréfinu.

#### 6.

Neytendastofu barst tölvupóstur frá Litlu flugunni, dags. 16. janúar 2013. Af honum mátti ráða að Litla flugan hafi fengið skráð orðmerkið LITLA FLUGAN hjá Einkaleyfastofu 2. janúar 2013. Með bréfi Neytendastofu til Litlu flugunnar textílverkstæðis var tölvubréf Litlu flugunnar til Neytendastofu sent til umsagnar. Svar Litlu flugunnar textílverkstæðis er dagsett 25. janúar 2013. Þar segir m.a. að Litla flugan textílverkstæði hafi ekki tekið ákvörðun um það hvort skráningu Litlu flugunnar hjá Einkaleyfastofu verði mótmælt en til þess hafi fyrirtækið tveggja mánaða frest. En með vísan til áður framkominna sjónarmiða og gagna málsins telji Litla flugan textílverkstæði að Neytendastofa hafi nægar forsendur til að taka ákvörðun í málinu.

#### 7.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 15. febrúar 2013, var enn tilkynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu og fylgdi bréfinu ný gagnaskrá.

### III.

#### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvartar Litla flugan ehf. yfir skráningu og notkun Litlu flugunnar textílverkstæði ehf. á léninu litlaflugan.is. Jafnframt er kvartað yfir því að Litla flugan textílverkstæði noti heitið Litla flugan án frekari aðgreiningar þ.e. með orðinu textílverkstæði, á heimasíðu og víðar. Litla flugan hafi verið vörumerki frá stofnun fyrirtækisins árið 1979 og sé leiðandi vörumerki meðal veiðimanna og fluguhnýtara. Litla flugan hafi orðið fyrir töluverðum óþægindum eftir að Litla flugan textílverkstæði hóf starfsemi. Ruglingshættan sé umtalsverð. Þá geti Litla flugan ekki notað lénið litlaflugan.is þar sem Litla flugan textílverkstæði hafi fengið það skráð hjá ISNIC. Þá



starfi fyrirtækin á sama starfsvettvangi í víðum skilningi orðsins þar sem bæði fyrirtækin selji íslenskt handverk. Allt þetta skapi ruglingshættu á milli fyrirtækjanna.

Litla flugan textílverkstæði líti svo á að við mat á því hvort notkun auðkennis hafi í för með sér ruglingshættu við annað auðkenni sé sérstaklega lítið til þess hvort fyrirtæki starfi á sama markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi. Að mati fyrirtækisins verði ekki villst á starfsemi þess og starfsemi Litlu flugunnar. Um sé að ræða fyrirtæki sem annars vegar sérhæfi sig í framleiðslu og sölu á gæðaflugum til notkunar við stangveiðar og hins vegar fyrirtæki sem framleiði og selji töskur, skinnkraga, belti, armbönd, kjóla, peysur, slár, púða og nánast allt sem það sem spretti undan saumavélinni hverju sinni. Fyrirtækin starfi ekki á sambærilegum markaði og ljóst megi vera að markhópurinn sé ekki sá sami. Það sé því vandséð að ruglingshætta geti skapast og Litla flugan geti orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

## 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæðið felur í raun í sér tvenns konar reglu þar sem fyrri málslíður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á en 2. málsl. felur í sér bann við því að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggst að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. málsl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málsl. Annar málsl. á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.



Óumdeilt er að báðir aðilar hafa skráð auðkenni sín. Litla flugan á langa sögu í fluguhnýtingum og fleiru er lítur að stangveiði og er í dag skráð sem einkahlutafélag. Þá hefur félagið fengið skráð orðmerkið LITLA FLUGAN hjá Einkaleyfastofu. Samkvæmt upplýsingum sem Neytendastofa hefur aflað hefur Litla flugan textílværkstæði ekki andmælt skráningu Einkaleyfastofu. Litla flugan textílværkstæði er skráð einkahlutafélag og fékk lénið litlaflugan.is skráð í september 2005.

Bæði fyrirtækin hafa því rétt til notkunar vörumerkja sinna í skilningi 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Að mati Neytendastofu á því 2. málsliður 15. gr. a. við í málinu.

### 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort fyrirtækin séu í samkeppni og hvort þau séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður. Ef litið er til orðasambandsins „Litla flugan“ þá kemur vafalítið upp í huga Íslendinga texti Sigurðar Elíassonar við lag Sigfúsar Halldórssonar „Litla flugan“. Texti ljóðsins er fjarri því að fjalla um fluguhnýtingar eða textílvörur. Þá fær Neytendastofa ekki séð að orðasambandið vísi til starfsemi fyrirtækjanna þó orðið „*fluga*“ komi fyrir í auðkenni fyrirtækis sem starfi við fluguhnýtingar. Að mati Neytendastofu er orðasambandið hvorki lýsandi né einkennandi fyrir starfsemi fyrirtækjanna og því getur það verið nægilega sérkennandi til þess að njóta einkaréttar.

Í erindi Litlu flugunnar er því haldið fram að ruglingur vegna heitisins sé mikill. Þannig berist Litlu flugunni símtöl og póstsendingar sem ætlaðar séu Litlu flugunni textílværkstæði. Þó veruleg líkindi séu með nöfnum fyrirtækjanna einkum með tilliti til þess að Litla flugan textílværkstæði notar ekki alltaf orðið textílværkstæði til aðgreiningar, fær Neytendastofa ekki séð að slíkur ruglingur sé þess eðlist að neytendur komi til með að eiga viðskipti við rangan aðila. Fyrirtækin eiga ekki í samkeppni á sama markaði. Annars vegar snýr starfsemi Litlu flugunnar að neytendum sem stunda stangveiði og hins vegar snýr starfsemi Litlu flugunnar textílværkstæðis að neytendum sem vilja kaupa íslenska hönnun í fataiðnaði og tengdri starfsemi. Að mati Neytendastofu er ekki til staðar ruglingshætta skv. 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 og því ekki ástæða til að banna Litlu flugunni textílværkstæði notkun á auðkenninu Litla flugan.



Í erindinu er fyrst og fremst kvartað yfir því að Litla flugan textílverkstæði hafi skráð lénið litlaflugan.is. Samkvæmt framansögðu fær Neytendastofa ekki séð ástæðu til þess að banna Litlu flugunni skráningu og notkun lénsins litlaflugan.is.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 8. apríl 2013

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir